


Líf & fjör

Fiðla og píanó

Salurinn, tónlistarhúsið góða í Kópavogi býður upp á tónleika laugardaginn 15. jan. kl. 16.00. Þar leika þær Pálína Árnadóttir fiðluleikari og Sopah Chae píanóleikari. Á efnisskránni eru Capriccio eftir Gade, Chacconne eftir Bach, sónata nr. 2 í D-dúr eftir Prokofief og fiðlusónata í Es-dúr eftir Richard Strauss. Pálína hóf fiðlunám 6 ára gömul hjá föður sínum, Árna Arinbjarnarsyni, og hefur numið síðan við virta tónlistaskóla, bæði hérlandis og erlendis. Hún hefur tekið þátt í mörgum keppnum og komið fram sem einleikari með hljómsveitum í Mexíkóborg, Texas og víðar.

Sooah Chae dæddist í Suður-Kóreu og hóf sitt tónlistarnám þar en fór síðan til Bandaríkjanna til frekara náms. Þar vannur hún nú að doktorsgráðu. Hún hefur margoft komið fram á tónleikum og á síðasta ári vann hún 2. verðlaun í Young Texas Artists Music Competition.



Fjársjóðskistill opnaður

Bryddað verður upp á nýjung við helgiöld í Hallgrímskirkju sunnudaginn 16. janúar kl. 17.00. Þá verður haldin guðsþjónusta þar sem flutt verður kantanta eftir Johann Sebastian Bach. Fjórir ungir einsöngvarar flytja verkið, ásamt Mótettukór og kammersveit Hallgrímskirkju undir stjórn Harðar Áskelssonar. Einsöngvararnir eru þau Hulda Björk Garðarsdóttir sópran, Sigríður Jónsdóttir alt, Finnur Bjarnason tenór og Ólafur Kjartan Sigurðsson bassi. Prestur í guðsþjónustunni er séra Sigurður Pálsson. Sérstök áhersla verður lögð á verk eftir Bach í tónlistarlífi Hallgrímskirkju á næstu vikum í tilefni þess að 250 ár eru liðin frá andláti hans og 1000 ára kristnitökuafmæli er á Íslandi. Jóhannesarpassían verður flutt þar í dymbilviku, og nokkrum af kantötum tónskáldsins verður fundinn staður í siðdegis-guðsþjónustum.



Kammer-tónlist

Kammermúsikklúbburinn heldur tónleika í Bústaðakirkju sunnudaginn 16. janúar 2000 kl. 20.30. Þar leikur Epos-kvartettinn en í honum eru Auður Hafsteinsdóttir, 1. fiðla, Gréta Guðna-dóttir 2. fiðla, Guðmundur Kristmundsson lágfiðla og Bryndís Halla Gylfadóttir knéfiðla. Á efnisskránni eru þrjú stór verk. Það eru Strengjakvartett í G-dúr, op. 76.1 eftir Franz Joseph Haydn, Strengjakvartett í g-moll op. 10 eftir Claude Debussy og Strengjakvartett í Es-dúr, op. 127 eftir Ludwig van Beethoven. Þetta eru fjórðu tónleikar klúbbsins á starfsárinu 1999-2000.

HVAÐ ER Á SEYÐI?

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

TÓNLIST



Tónlistarveisla á Gauk á Stöng

Fös. 14.1 verður sveitt ball með konungum sveitaballanna „SSSól“, í beinni á www.xnet.is. Lau. 15.1 verður disco-gleðisveitin „Hunang“, í sparigallanum. Í beinni á www.xnet.is. Sun 16.1 & mán. 17.1 verða seiðandi tónar og rólegheit í aðalhlutverki.

Austfirðingaveisla á Broadway

Las Vegas-veisla Austfirðinga verður haldin á Broadway í kvöld. Stuðkopparnir og Hin alþjóðlega danshljómsveit Ágústars Ármanns leika fyrir dansi.

SÝNINGAR

Þetta vil ég sjá

Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti velur verk úr röðum fimmtán listamanna á sýningunni „Þetta vil ég sjá“ sem opnar í Menningar- miðstöðinni Gerðubergs laugardaginn 15. janúar kl. 16.00. Listamennirnir eru:



Vigdís Finnbogadóttir.

Áðalheiður Valgeirsdóttir - Ásgerður Búadóttir
Guðmunda Andrésdóttir - Hafdis Ólafsdóttir
Hildur Hákonardóttir - Inga Ragnarsdóttir
Karólína Lárusdóttir - Kristín Ísleifsdóttir
Kristjana Samper - Louisa Matthíasdóttir
Messiana Tómasdóttir - Olga Bergmann
Ráðhildur Ingadóttir - Rúna Sigrún Eldjárn.
Sýningin stendur til 6. febrúar.

Vormenn

Sunnudaginn 16. janúar lýkur þeim þremur sýningum sem staðið hafa yfir í Listasafni Íslands, þ.e. Vormenn í íslenski myndlist. Við aldamót og Móðir og barn. Á sýningunum eru einungis verk í eigu safnsins. Myndlist þeirrar kynslóðar sem kom fram um aldamótin 1900 og á fyrstu áratugum 20. aldar

er orðin drjúgur þáttur í sögu og sjálfsmynd íslenskrar þjóðar. Hin nýja aldamótakynslóð er okkur meira eins og óráðin gáta. Engu að síður endurspeglar hún stöðuga vildleitni sérhverrar kynslóðar til að leita sér að sjálfsmynd og skapa sína sögu. Um leið endurspeglar hún nýjar og flóknar þjóðfélagsaðstæður við upphaf nýs árþúsunds. Þessar tvær sýningar eiga að varpa ljósi á stöðu íslenskrar myndlistar við aldarlok. Sýningin Móðir og barn var sett upp á aðventu í tengslum við dagskrá fyrir börn. Safnið mun verða lokað fram til 29. janúar en þá hefst menningarborgarárið formlega með opnun sýningar á verkum ítalska listamannsins Claudio Parmiggiani í Listasafni Íslands kl. 15.00.

Uppgangan

Sunnudaginn 16. janúar kl. 15.00 verður myndin Uppgangan sýnd í bíósal MÍR á Vatnssíg 10. Myndin er frá 1976. Leikstjóri er Larisa Shepetko. Í myndinni er sagt frá atburðum sem gerðust veturinn 1942 í Hvíta-Rússlandi að baki víglíunnar. Sveit skæruliða leitar skjóls undan árásum hernámsliðs Þjóðverja í snævipökta skóglendi. Með skæruliðunum eru konur og börn og allir úrvinda af þreytu og hungri. Tveir menn eru sendir af stað til að afla matar. Rybak, sem lengi hefur barist af hörku með skæruliðunum og Sotnikov, liðsforingi í sovéska hernum sem tókst að sleppa úr herkví Þjóðverja og ganga til liðs við skæruliðana. Sotnikov er veikur en tekur þó ekki í mál að verða eftir heldur leggur þeim mun harðar að sér að fylgja félaga sínum eftir í ófærðinni. Kvikmyndin hlaut Gullbjörminn á kvikmyndahátíðinni í Berlín árið 1977. Ensukur texti.

FUNDIR OG MANNEFAGNAÐIR Íslenska málfræðifélagið

Fjórtaða Rask-ráðstefna Íslenska málfræðifélagsins verður haldin í fundarsal Þjóðarbókhöfðunnar laugardaginn 22. janúar nk. Ráðstefnan hefst klukkan 11:00 og flytja sex fræðimenn fyrirlestra.
Dagskrá ráðstefnunnar:
Fundarstjóri: Þórunn Blöndal
11:00 Ráðstefnan sett.
11:05 Jón Áðalsteinn Jónsson: Rn- og rl-framburður Austur-Skaftfell- inga.
11:35 Kristján Árnason: Tvíhljóð og orðasafnsbinding.
12:05 Ari Páll Kristinsson: Smá-vegis um smáyrði.
12:35 Matarhlé
Fundarstjóri: Höskuldur Þráinsson
13:15 Jón Axel Harðarson: Horf (aspekt) í íslensku.
13:45 Jóhannes Gísli Jónsson: Tveggja andlaga sagnir í íslensku.
14:15 Diane Nelson: Counting and

the Grammar: Numerals in Inari Sami.

14:45 Ráðstefnunni slitið. Veitingar í boði félagsins.

OG SVO HITT...

Skíðagöngukennsla fyrir almenning

Nú er komið að því! Útbreiðsluáttak Skíðasambands Íslands, Skíðagöngukennsla fyrir almenning er komið af stað og mun líkt og fyrri ár bjóða almenningi upp á kennslu í grunnatriðum skíðagöngunnar, almenningi að kostnaðarlausu. Við höfum til umráða útbúnað fyrir um 60 manns sem lán- aður er út án endurgjalds við kennsluna.

Fyrirkomulag átaðsins mun verða með þeim hætti að búnaðurinn verður staðsettur hér á höfuðborgarsvæðinu stærstan hluta vetrar. Á þeim tíma gefst almenningi, skólum, fyrirtækjum, starfsmannahópum svo og öðrum hópum tækifæri á að fá kennslu og viljum við bjóða áhugasama um að hafa samband við okkur með tölvupósti. Netfang okkar er: ski@toto.is. Við munum jafnframt heimsækja þá staði á landsbyggðinni þar sem þátttaka var góð síðasta vetur.

Styrktaraðilar átaðsins í ár eru Bakkavör hf., Ingvar Helgason hf., Olshf., Tóbaksvarnarnefnd, DV, Nanoq, Fálkinn, Útilíf, Intersport og Leppin.


Upplýsingar um dagskrá átaðsins verður aðgengileg á síðu 369 í textavarp RÚV, auk þess sem auglýsingaveggspjöldum verður dreift á alla kennslustaði.

Norraenugreinaneftnd SKÍ

Dagskrá átaðsins næstu daga
lau 15. jan. Mosfellsbær:
kennt á íþróttasvæðinu að Varmá kl. 11-16
sun 16. jan. Skagaströnd
kl. 13
þri 18. jan. Hvammstangi kl. 17

Flugeldasýning Skýrr

Í dag föstudaginn 14. Janúar verður haldin flugeldasýning á vegum Skýrr hf. í Ármúla. Flugeldasýningin hefst klukkan 18:00 og verður skotið upp á baklöd Skýrr við Ármúla 2. Tilefni sýningarinnar er að marka upphaf LoftNets Skýrr á nýju ári og upphaf markaðsherferðar LoftNetsins. LoftNet Skýrr er byltingarkent verkfæri sem gerir fyrirtækjum kleift að nýta sér kosti internetsins til hins ítrasta með öflugri tengingum en hing- að til hefur almennt tíðkast. LoftNet Skýrr byggir á neti örbylgjusenda sem tengja viðskiptavinum við gríðarlega öflugt gagnaflutningsnet Skýrr. Þar sem LoftNet Skýrr er nú farið í



loftið og fer í gegnum loftið, fannstokkur alveg tilvalið að lýsa loftið aðeins upp og því er boðið til fyrnefndrar flugeldasýningar. Sýningin á að sjást vel á öllu svæði pósthúmanana 105 og 108 og hefst eins og áður sagði kl. 18:00.

LANDIÐ

TÓNLIST

Framlag til friðar

Alþjóðlegi trúarbragðadagurinn er á sunnudaginn 16. janúar. Á Húsavík hefur þessi dagur verið heiðraður opinberlega tvívegis. Nú hafa einstaklingar á Húsavík, í Aðaldal, á Laugum og á Akureyri tekið sig saman og skapað dagskrá til að gera öðrum kleift að taka þátt í þessari stund Framlag til friðar og leggja sitt framlag til friðar á vogarskálur einingar í fjölbreytileika með virkri þátttöku í umræðu og tónlistarflutningi. Dagskráin verður flutt að Grenjadarstað í Aðaldal, Suður Þingeyjarsýslu sunnudaginn 16. janúar kl. 16.00.

SÝNINGAR

Gallerí +

Myndlistarsýning Hólmfríðar Harðardóttur í Gallerí +, í Brekkugötu á Akureyri verður opin laugard. og sunnudaga frá kl. 14-17 og aðra daga eftir samkomulagi. Fjölmenn var við sýn-

ingaropnunina 29. des. s.l.. Þetta er fyrsta einkasýning Hólmfríðar á Íslandi, en hún er Akureyringur búsett og starfandi í New York. Á sýningunni í Gallerí + eru listaverkin unnin með blandaðri tækni m.a. skúlptúrar og ljósmyndir.

MANNEFAGNAÐIR

Spurningakeppni Baldursbrár

Önnur umferð í spurningakeppni Baldursbrár verður í kvöld kl. 20.00 í Safnaðarsal Glerárkirkju. 16 lið hófu keppni í október s.l. og nú eru 8 lið eftir, en þau eru: Karlakór Akureyrar Geysir - Ásprent Pob
Dagur - Síðuskóli
Eldri borgarar - Trillukarlar
Rúvak - Vélsmíðja Steindórs
Aðgangur er kr. 500 og gildir miðinn sem happdrættismiði. Kaffi og kokkteill í hléi. Ágóðinn rennur til kaupa á tölvubúnaði fyrir langveik börn. Mætið vel og skemmtið ykkur um leið og þið styðjið gott málefni.

KA dagurinn

Sunnudaginn 16. janúar heldur Knattspyrnufélag KA sinn árlega KA dag milli kl. 14 og 16. Tíkusýning o.fl. en aðal skemmtiatriðið er leikur milli Old starliða frá handboltanum og fótoltanum. Hápunktur dagsins er þegar krýndur verður íþróttamaður KA fyrir 1999. Kaffiveitingar í boði allann tímann.

OG SVO HITT...

Frá Minjasafninu á Akureyri

Vegna framkvæmda við safnhús Minjasafnsins á Akureyri verða sýningar þess lokaðar frá og með föstudeginum 14. janúar um óákveðinn tíma. Í undirbúningi er að opna nýja sýningu næsta sumar um sögu Akureyrar. Vinna við handritsgerð og hönnun sýningarinnar er hafin og störf verktaka við endurbætur á neðri hæð Norðurhúss að fara í gang.

Hvað er á seyði?

Tónleikar, sýningar, fyrirlestrar o.s.frv...

Sendu okkur upplýsingar á netfangi, í símbrefi eða hringdu.
ritstjori@dagur.is / fax 460 6171 / sími 460 6100

Útvörður upplýsinga um allt land.



Dagur

Áskriftarsíminn er 800-7080